

## ROF-2017-06 Heimavinnsla í Höfða

„Markmiðið er að vinna kjötafurðir heima og selja beint frá býli. Þetta er upphafið en í komandi framtíð sjáum við fyrir okkur að vinna heima stóran hluta af okkar kjöti og selja það sjálf. Til stendur að byggja íbúðarhús og hafa hluta þess húsnæði fyrir heima-vinnslu. Einnig ætlum við að smíða reykhus sem uppfyllir staðla og gefur okkur leyfi til að vinna sjálf og reykja hangikjöt sem við ætlum okkur að selja. Til að byrja með ætlum við okkur að láta hanna og gera heimasíðu þar sem hægt verður að fylgjast með öllu sem fram fer í búskapnum, fræðast um heimilisfólkið og panta kjöt.“

Verkefninu var úthlutað kr. 275.000.- árið 2017.